

→ LEIKHÚS JÓLASÝNING

# Fanný og Alexander í Borgarleikhúsinu

Þetta er frumflutningur á verkinu á héraðsleikendis.

Jólasýning *Borgarleikhússins* verður *Fanný og Alexander*. Leiksýningin byggist á hinni ástsælu kvikmynd **Ingmars Bergman** sem hlaut fern *Óskarsverðlaun* og var sýnd í kvikmyndahúsum og á sjónvarpsstöðvum um allan heim á níunda áratug síðustu aldar. *Fanný og Alexander* er stórbrotin fjölskyldusaga sem skartar litskrúðugu persónugallerí og æsispennandi söguþræði. Þetta er frumflutningur á verkinu héraðsleikendis en leiksýningin hefur notið gríðarlegra vinsælda á síðustu tveimur árum þar sem það hefur

verið sýnt. **Stefán Baldursson** hefur verið ráðinn leikstjóri sýningarinnar en þýðingin er í höndum **Þórarins Eldjárns**. Leikhópurinn er stór og meðal leikenda eru **Haldóra Geirharðsdóttir, Þróstur Leó Gunnarsson, Jóhann Sigurðarson, Theodór Júlíusson, Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Charlotte Böving, Hilmar Guðjónsson og Rúnar Freyr Gíslason**. Þá ganga **Gunnar Eyjólfsson** og **Kristbjörg Kjeld** til liðs við leikhópinn og fara með stór hlutverk í sýningunni. -óhþ



Þróstur Leó Gunnarsson verður í eldflínunni í Borgarleikhúsinu um jólin. Ljósmynd/Borgarleikhúsið

## Bubbi ekki á Húsavík

Söngvarinn ástsæli, **Bubbi Morthens**, var ekki staddur á Húsavík fyrir tæpum tveimur vikum ásamt **Ara Edwald**, forstjóra 365, **Jóni Ásgeiri Jóhannessyni**, eiginmanni eiganda 365, **Stefáni Hilmar Hilmarssyni**, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs 365, og þokkagjöfnum **Gyðu Johansen**, sem einnig vinnur hjá fjölmíðlarísum. Bubbi hafði sjálf samband við ritstjórn og leiðrétti þann misskilning; sagðist reyndar ekki hafa sést með þessu fólki í allt sumar. Ritstjórn biður Bubba afsökunar á því að hafa spyrnt hann við þetta annars friða fóruneyti.

## Eiríkur Hauksson til Leikfélags Akureyrar

„Við stefnum á sterkt leikár og erum að leggja lokahönd á dagskrá næsta vetrar. Þetta er lífandi og skemmtilegur vinnustaður og ég hlakka til að setja mig inn í starfið,“ segir nýráðinn framkvæmdastjóri *Leikfélags Akureyrar*, **Eiríkur Hauksson**. „Ég er fæddur og uppalinn sveitastrákur í Eyjafirði og hef alltaf reynt að vera sem mest í sveitinni,“ segir Eiríkur sem nú býr gegnt Akureyri, handan við Pollinn, í Vaðlareit og er menntaður viðskiptafræðingur frá HÍ. „Ég hef fylgst vel með leikhúsinu í gegnum tíðina – ekki bara á Akureyri heldur farið á ótal sýningar hér heima og erlendis – en það er allveg nýr og spennandi vinkill fyrir mig að taka við starfi framkvæmdastjóra.“

**María Sigurðardóttir** leikhússtjóri segir að stjórn Leikfélagsins sé hæstánægð með ráðninguna. „Eiríkur er hörkuduglegur og yndislegur maður sem ég veit að á eftir að reynast LA mjög vel núna þegar við erum að undirbúa feikilega fjölbreytt leikár.“ Farsinn *Svört Kómedia* og *Gulleyjan* í leikstjórn **Sigurðar Sigurjónssonar** eru meðal sýninga félagsins í vetur.



## Hægt að taka launalækkanir til baka

Ög meira af 365 því fréttir af glæsilegri afkomu félagsins á árinu 2010 hafa vakið mikla athygli. Félagið skilaði 360 milljónum króna eftir skatta sem er viðsnúningur upp á 700 milljónir frá fyrra ári. Yfirstjórn félagsins, sem er að stærstum hluta í eigu **Ingibjargar Pálmadóttur**, eigin konu **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar**, hefur tekið vel til í rekstrinum eftir bankahrun. Einn hluti af því var launalækkun allra starfsmanna haustið 2008. Sú launalækkun hefur ekki gengið til baka hjá starfsmönnum þrátt fyrir ítrekaðar óskar þess efnis en víst er að laun forstjórans, **Ara Edwald**, hafa ekki staðið í stað ef mið er tekið af launum hans í tekjublöðum þessa árs þar sem hann var með fimm milljónir á mánuði. Í ljósi góðrar afkomu má búast við að Ari fái heimsókn frá trúnaðarmönnum starfsmanna á næstunni. Það gæti orðið snúið fyrir hann að neita starfsmönnum um að draga launalækkunina til baka.

→ SJÓNVARP RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR

# Stýrir íslenskri útgáfu af So You Think You Can Dance

Íslenskur dansþáttur í umsjón **Ragnildar Steinunnar Jónsdóttur** verður sýndur á *RÚV* á laugardagskvöldum í vetur.

**Ríkissjónvarpið** hyggst gera þætti í anda hinna gríðarvinsælu bandarísku dansþátta *So You Think You Can Dance* sem sýndir hafa verið við miklar vinsældir á *Stöð 2*. Stefnt er að því að sýna þættina á laugardagskvöldum og hefjast sýningar í október að því er *Fréttatíminn* kemst næst. Það er *Saga Film* sem vinnur að gerð þáttanna í samstarfi við *RÚV* en fyrirtækið hefur mikla reynslu af gerð þátta á borð við *Idol* og *X Faktor* sem sýndir voru á *Stöð 2*.

Sjónvarpskonan vinsæla, **Ragnildur Steinunn Jónsdóttir**, sem hefur verið í barn-eignarfrii undanfarið og lítið sést á skjánum, mun stýra þættinum – í svipuðu hlutverki og hin hávaxna enska snót, **Cat Deeley**, gegnir í *So You Think You Can Dance* sem kynnr og stjórnandi. Óvist er hvort Ragnildur Steinunn verður ein eða hvort annar umsjónarmaður verður ráðinn. Það eru hæg heimatókin fyrir Ragnildi sem er með bakgrunn í dansi.

Óvist er hverjir verða í dómnefnd þáttanna en í bandarísku útgáfunni hafa virtir dansarar og danshöfundar skipað dómnefndina. Ekki er heldur búið að finna vettvang fyrir þættina en ljóst er að *Ríkissjónvarpið* mun ekki hýsa þá. Verið er að skoða staði á borð við *Hörpu* og *Listasafn Íslands* í því augnamiði.

Gera má ráð fyrir að þættirnir hafi veruleg áhrif á dansmenningu Íslendinga. Það er í það minnsta reynslan í Bandaríkjunum þar sem þættirnir hafa hrundið af stað miklu dansæði sem náði hámarki á svonefndum *Dansdegi* í fyrra þar sem fólk um gjörvöll Bandaríkin kom saman og dansaði.

oskar@frettatiminn.is



Hin leggjálanga Cat Deeley er kynnr í *So You Think You Can Dance*. Ljósmynd Nordic Photos/Getty Images

Ragnildur Steinunn verður í forgrunni í nýjum dansþætti í *Ríkissjónvarpinu*. Ljósmynd/Hari

Boston leður svart, hvítt, blátt, rautt kr. 9.990

Mónako Rúsinn og mikrofíber hvítt, svart 36-46 kr. 7.500

Lissabon leður svart, hvítt st. 36-42 kr. 8.900

Verona svart, hvítt st. 36-41 kr. 7.900

París leður svart, hvítt, blágrátt st. 36-42 kr. 9.500

Amsterdam leður svart, hvítt st. 36-42 kr. 6.900

Opið mán. – fös. kl. 11–17

Lokað á laugardögum

**Bonító ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is**  
Faxafn 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878